



Borgarráð

Bergþórugata 18 - sala byggingarréttar með útboðsfyrirkomulagi

Óskað er eftir að borgarráð heimili skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að selja byggingarrétt á lóðinni nr. 18 við Bergþórugötu, með fasteignanúmerið F2327669, fyrir fjölbýlishús allt að 360 fermetra að stærð, með almennu útboðsfyrirkomulagi.

Greinargerð: Lóðin að Bergþórugötu 18 hefur á undanförunum árum verið nýtt sem leikvöllur fyrir barnaheimili Ós sem rekið var á Bergþórugötu 20. Barnaheimilið hefur nú flutt starfsemi sína á Skerplugötu 11. Nýtt deiliskipulag var samþykkt fyrir Skólavörðuholt þann 6. júlí sl. Samkvæmt því er heimilt að byggja allt að 360 fermetra fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum á lóðinni.

Þar sem um er að ræða byggingarrétt að einni fasteign er ekki gert ráð fyrir að gerðir verði sérstakir útboðskilmálar, en almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar munu gilda, auk skilmála í samþykktu deiliskipulagi. Skilmálar útboðsins munu koma fram í útboðsauglýsingu og á vefsvæðinu <http://reykjavik.is/lodir> og munu þeir geyma hefðbundin ákvæði um að heimilt sé að hafna öllum tilboðum. Að loknu auglýsingaferli verða tilboð lögð fyrir borgarráð.

Óli Jón Hertervig